

Innra mat Þjórsárskóla 2018-2019

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Tilgangur innra mats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda. Þetta skólaárið var áherslan í innra mati á skólabrag og samskipti – að meta og bæta samskipti innan skólans og við heimilin.

Framkvæmd

Foreldrakönnun – Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi í apríl. Um var að ræða spurningalista, en starfsfólk vann saman að því að búa til spurningarnar, m.a. út frá óskum foreldra.

Heimilin sem eiga börn í skólanum eru 29 en við fengum aðeins svör frá 28.

Spurningar fyrir foreldra

1. Mynduð þið vilja að börnin ykkar fengu hádegismat á föstudögum áður en þau færu heim?
2. Hvenær dagsins hentar fjölskyldunni ykkar best að árshátíðin sé haldin?
3. Hvaða vikudag teljið þið henta best fyrir árshátíðina?
4. Hvaða leið hentar þér best í samskiptum við skólann?
5. Hvar leitar þú helst að upplýsingum um skólastarfið?
6. Viðmót starfsfólks
7. Gaman væri að fá hugmyndir frá ykkur um hvernig skólinn gæti eflt samstarf milli heimilis og skóla.
8. Annað sem þið viljið koma á framfæri til skólans?

Niðurstöður sýndu okkur að meirihluti 15/28 heimilum vilja fá mat á föstudögum, meirihluti foreldra vill hafa árshátíðina kl. 20 á föstudegi. 23/28 vilja hafa samskipti í gegnum tölvupóst. Þá kemur fram að foreldrar eru ánægðir með vikupistla frá kennurum og leita helst þar eftir upplýsingum um skólastarfið. 24/28 heimilum voru ánægð með viðmót starfsfólks. Þær hugmyndir sem komu frá foreldrum um hvernig efla mætti samstarf milli heimilis og skóla:

- Facebook síða
- Læst myndasíða
- Meiri virkni á heimasíðu

Þá kom fram almenn ánægja með samstarfið bæði í spurningu 7 og 8 en þó ein og ein ábending sem við munum vinna úr.

Niðurstöður – Aðgerðir

<i>Ábendingar</i>	<i>Framkvæmd</i>	<i>Tími</i>	<i>Ábyrgð</i>
Meirihluti heimila vill hafa mat fyrir börnin á föstudögum áður en skóla lýkur.	Ósk foreldra verður komið á framfæri við sveitastjórn sem tekur ákvörðun um málið.	Júní 2019	Skólastjóri
Facebook síða eða læst myndasíða verði stofnuð.	Ósk foreldra um að fá fleiri myndir úr skólastarfi.	Haustið 2019	Skólastjóri og umsjónarkennarar.
Bæta skipulag og upplýsingagjöf á heimasíðu skólans.	Setja inn myndir og fréttir vikulega úr skólastarfi.	Haustið 2019	Skólastjóri og staðgengill.

Ánægjulegt er að hafa fengið svona góð svör frá heimilum sem styðja við okkar starf og fá um leið hugmyndir til þess að bæta skólastarfið.

Skólapúlsinn – Niðurstöður vorið 2019

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar fyrir skólann. Nemendur eru vel yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttum. Eftirfarandi matsþættir eru sérstaklega ánægjulegir fyrir skólann og eru þeir vel yfir landsmeðaltali:

1. Virkni nemenda í skólanum:
Ánægja af lestri, þrautsegja í námi, áhugi á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.
2. Líðan og heilsa:
Stjórn á eigin líði, vellíðan, lítið um einelti
3. Skóla og bekkjarandi:
Samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum, mikilvægi heimavinnu í námi.

Dæmi um svör nemenda: Það sem er gott við skólann minn

- Góð hjálp
- Góðir kennarar
- Góðir vinir
- Hádegismaturinn er fínn
- Krakkar læra mikið um náttúruvernd
- Gott að vera fá, ég þekki alla og allir eru góðir við mig.

- Skemmtilegt námsefni, skemmtilegir kennarar.
- Allir vinir og kennararnir hlusta á mig

Dæmi um svör nemenda: Það sem má betur fara í skólanum mínum

- Ekkert
- Fáir krakkar erfiðara að eignast vini
- Tölvurnar lengi að hugsa
- Stærri íþróttasal
- Fleira kennara í tíma

Við erum mjög ánægð með niðurstöðurnar sem sýna hvetja okkur til að halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum. Það er frábært að sjá að börnunum líður vel og eru ánægð með kennara og kennsluna. Þá erum við búin að kaupa nýjar nemendatölvur sem verða teknar í gagnid í haust.